

Kópavogsbær

Auður Kristinsdóttir

Garðabæ, 12. desember 2022
Málsnr. 2111064

Efni: Óskað er eftir umsögn umsagnaraðila vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036. Landnotkun Rjúpnahlíð

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 03.11.2022 var samþykkt skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036. Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar <https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/> og í þjónustuveri Garðabæjar.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að Garðabær vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 sem nær til óbyggðs svæðis í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð sem liggur að bæjarmörkum við Kópavog.

Fyrirhugað breyting felst landnotkun í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð á svæði, sem verður innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins með breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem gerð verður samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Lýsingin er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gerð er grein fyrir viðfangsefni breytingarinnar og helstu forsendum hennar, áherslum sem lagðar verða í skipulagsvinnunni, umhverfismati tillögunnar og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni. Unnið er að uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar í Garðabæ m.a. með endur nýtingu athafnasvæða í grennd við miðbæ. Uppbyggingin miðast m.a. við að þétt byggð verði við samgöngu- og þróunarárs, sem liggja mun um Hafnarfjarðarveg. Nauðsynlegt er að mæta þessari þróun með nýjum lóðum fyrir atvinnufyrirtæki s.s. verkstæði, smáidnað og ýmis fyrirtæki sem ekki eru æskileg í blandaðri íbúðar og miðbæjarbyggð. Athafnasvæði Garðabæjar eru fullbyggð og er því lítið svigrúm til þess að bjóða slíkum fyrirtækjum nýja aðstöðu innan bæjarmarka. Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins hefur sent erindi til sveitarfélaga sem aðild eiga að Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins þar sem óskað er eftir afgreiðsla þeirra á lýsingu vegan fyrirhugaðrar svæðisskipulagsbreytingar sem felst í breytingu vaxtarmarka í Rjúpnahlíð.

Óskað er eftir umsögn eftirfarandi aðila: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Sóknaðarnefnd Garðabæjar, Kirkjugarðaráð, Félagsmálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofa, Landsnet, , Vatnsveita Garðabæjar, Vatnsveita Kópavogs, Veitur, Landgræðsla Ríkisins, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Hestamannafélagið Sprettur,



GARDABÆR

www.gardabaer.is

Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og
Umhverfisstofnun Garðabæjar,

Hér með er óskað eftir umsögn ykkar og skal hún berast á netfangið
skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210
Garðabær, eigi síðar en 23. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

